

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/121*  
*komudagur 1.11.2013*



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2013

**Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi. Þingskjal 5 - 5. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar öllum úrbótum á leigukjörum fyrir lífeyrisþega og annað láglounafólk. Bandalagið hefur um árabíl talað fyrir bættum húsnæðisbótum, sem taki mið af tekjum og fjölskyldustærð.

**Húsnæðisbætur**

Í greinargerð fyrir 1. tölulið þingsályktunartillögunnar er vísað í tillögur sem byggja á skýrslu vinnuhóps um húsnæðisbætur frá maí 2012. Samkvæmt tillögunum kæmi nýtt kerfi húsnæðisbóta í stað almennra húsaleigubóta og vaxtabóta. Í skýrslunni kemur fram að áfram þurfi að koma til móts við fólk sem þarf á sérstökum húsnæðisstuðningi að halda. Bent er á mikilvægi þess að hrinda tillögunum í framkvæmd án tafar.

ÖBÍ er hlynnt því að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma en nauðsynlegt er að tryggja í leiðinni húsnæðisstuðning við þá hópa, sem mest þurfa á honum að halda. ÖBÍ sér ýmsa meinbugi á tillögum skýrslu vinnuhóps um húsnæðisbætur er varða lífeyrisþega, sem þarf að skoða sérstaklega. Í tillögunum kemur m.a. fram að þeir sem koma til með að fá lægri bætur vegna húsnæðis eigi það almennt sameiginlegt að tekjur þeirra koma að miklu leyti frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sérstakar húsaleigubætur í dag eru greiddar þeim sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og knöpp lífskjör. Ef hópur þeirra sem fær sérstakar húsaleigubætur er greindur eftir atvinnustöðu eru öryrkjar langsamlega stærsti hópurinn eða 37,6% samkvæmt nýrri skýrslu um útgreiðslu húsaleigubóta.<sup>1</sup> Í tillögum vinnuhóps um húsnæðisbætur er lagt til að sérstakur húsnæðisstuðningur verði tekinn til umræðu í viðræðum ríkis og sveitarfélaga. ÖBÍ leggur áherslu á að koma að umræðu um útfærslu sérstaks húsnæðisstuðnings og að skoða sérstaklega kosti þess að lögbinda skyldu sveitarfélaga til að greiða sérstakar húsaleigu-/húsnæðisbætur til viðbótar almennum húsaleigu-/húsnæðisstuðningi óháð búsetuformi eða hver leigusalinn er.

---

<sup>1</sup> Skýrsla um útgreiðslu húsaleigubóta. Höfundur Kolbeinn Stefánsson. Skýrslan var unnin fyrir samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsnæðisbætur.



### Efling leigufélaga

Bandalagið styður það að efla skuli leigufélög sem tilbúin eru að skuldbinda sig til að leigja út íbúðir til lengri tíma með því að hvetja aðila vinnumarkaðarins að gangast fyrir um veitingu stofnstyrkja þeim til handa. Bandalagið leggur á það þunga áherslu að tryggt verði að um langtímaútleigu verði að ræða. Sama má segja um að bjóða ónýttar lóðir ríkisins fram til bygginga leiguíbúða á sama grunni.

### Algild hönnun

ÖBÍ mótmælir því aftur á móti harðlega ef á að gefa afslátt á „algildri hönnun“ sem bandalagið barðist fyrir að fá í mannvirkjalög í mörg ár. Mannvirkjalögin voru samþykkt 15. desember 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Einnig er rétt að benda á að samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem stefnt er á að fullgilda eigi árið 2014, er algild hönnun eitt af lykilatriðum til að jafna stöðu borgaranna. Umræðan undanfarið um stórlega aukinn byggingarkostnað vegna algildrar hönnunar hefur í mörgum tilfellum verið á villigötum. Frá því ný mannvirkjalög tóku gildi hefur farið fram endurskoðun á mörgum þáttum er varða algilda hönnun ásamt fleiri þáttum m.t.t. þess að lækka byggingarkostnað. Fulltrúi ÖBÍ hefur tekið þátt í þeirri vinnu og er það sannfæring bandalagsins að ekkert sé því til fyrirstöðu að byggja ódýrar íbúðir þrátt fyrir að algild hönnun sé höfð að leiðarljósi við hönnun húsnæðis sbr. viljayfirlýsingu Mannvirkjastofnunar og ÖBÍ, dags. 17. október 2013 (sjá fylgiskjal). Það væri því mikið óheillaspor að hverfa frá hugmyndafræði um algilda hönnun við framkvæmd sem þessa. Það að allt húsnæði sé aðgengilegt öllum í framtíðinni hefur í för með sér afar jákvæð áhrif á samfélagið í heild.

### Leigutekjur

ÖBÍ lýsir yfir ánægju sinni með þá fyrirætlan að leyfa skuli einstaklingum að leigja út eina íbúð skattfrjálst og að tryggt verði að leigutekjurnar skerði ekki bætur almannatrygginga. Eins og staðan er í dag er mög óhagstætt fyrir lífeyrisþega að leigja út húsnæði sökum mikilla skerðinga af leigutekjum. Mikilvægt er að breytingin nái einnig til laga um félagslega aðstoð og að krónu á móti krónu skerðing leigutekna á sérstaka framfærsluuppbot verði afnumin á sama tíma.

Virðingarfyllst,  
f.h. ÖBÍ,

  
Lilja Þorgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri

  
Sigríður Hanna Ingvólfsdóttir,  
félagsráðgjafi

Meðfylgjandi:  
Viljayfirlýsing Mannvirkjastofnunar og ÖBÍ, dags. 17.10.2013.



# VILJAYFIRLÝSING

Mannvirkjastofnun og Öryrkjabandalag Íslands hafa undanfarið, ásamt ýmsum hagsmunaaðilum og fagfélögum, unnið breytingartillögur að texta nýrrar byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með það að markmiði að auka sveigjanleika reglugerðarinnar, lagfæra helstu vankanta textans og skapa meiri sátt um reglugerðina. Aðilarnir hafa jafnframt unnið að skipulagi og framkvæmd ráðstefna og funda um byggingarmál. Aðilar telja að slíkt samstarf sé til góðs fyrir íslenskan byggingariðnað og hafa því vilja til þess að auka samstarfið og skilgreina það enn frekar.

Aðilarnir lýsa yfir vilja til aukins samstarfs fyrst og fremst á eftirfarandi sviðum:


1. Áframhaldandi samstarf um gerð tillagna að breytingum á byggingarreglugerð, sem hefur það helsta markmið að auka sveigjanleika og skapa aukna sátt um reglugerðina, en jafnframt verði litið til lengri tíma hvað varðar hugmyndir um þróun regluverks byggingariðnaðarins með tilliti til algildrar hönnunar.
2. Áframhaldandi samstarf varðandi skipulag og framkvæmd málþinga og ráðstefna og auka þannig þverfaglega umræðu um málefni byggingariðnaðarins.
3. Aukið samstarf og samráð varðandi þróun á þeim leiðbeiningablöðum Mannvirkjastofnunar er tengjast byggingarreglugerð.
4. Aðilar hvetji til aukinna rannsókna á sviði byggingarmála á Íslandi, styðji gerð meistaraverkefna á því sviði við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands og vinni sameiginlegan lista yfir verkefni sem gætu orðið til að auka gæði ákvarðanatöku varðandi tillögur að þróun regluverks fyrir byggingariðnaðinn.
5. Stuðlað verði að gerð námsefnis um algilda hönnun fyrir nemendur í öllum greinum byggingariðnaðarins hvort sem er á framhalds- eða á háskólastigi.

Undirritaðir aðilar lýsa því yfir að þeir hyggjast vinna saman að ofangreindum málefnum og munu gera nánari áætlanir um vinnu við einstaka verkefni sé þess talin þörf.

Gjört í Reykjavík 17. október 2013.



Guðmundur Magnússon  
Formaður  
Öryrkjabandalag Íslands



Björn Karlsson  
Forstjóri  
Mannvirkjastofnun